

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík í Mýrdal

Athugasemd til hreppsnefndar Mýrdalshrepps um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins 2009-2025

Við undirrituð landeigendur Norðurgarðs í Dyrhólahverfi í Mýrdalshreppi mótmælum stofnmarkmiði og útfærslu þess í aðalskipulagstillögunni um breytt vegstæði þjóðvegur 1 um Mýrdal, sbr. ákvæði kafla 2.5.1 í greinargerð, sbr. einnig umhverfisskýrslu og upprátt. Í auglýsingu sveitarstjórnar dags. 22. desember 2009 segir: “*skipulagsgögn eru skipulagsgreinargerð, skipulagsupprættir og umhverfisskýrsla.*”

Samkvæmt aðalskipulagstillögu mun hin nýja veglína liggja um eignarland okkar sunnanvert. Við höfum reynt að afla okkur nánari staðsetningar veglínunnar en fáum ekki skýr svör. Þessi óvissa gerir það að verkum að þjóðvegur 1 gæti verið í nokkurhundrað metra fjarlægð frá húsi okkar við rætur sunnanverðs Geitafjalls. Veglínan mun því nánast gera land okkar óhæft til notkunar, enda er Norðurgarður einvörðungu um 45 ha.

Í bréfi Skipulagsstofnunar til Mýrdalshrepps dags. 21. okt. s.l. segir m.a. ...”Skipulagsstofnun vekur athygli á að í niðurstöðu samanburðar allra vegkosta, að undanskildum þeim kosti að endurbæta núverandi leið, eru áhrifin neikvæð/verulega neikvæð á náttúrufarslega þætti og neikvæð/verulega neikvæð eða óviss áhrif á náttúru- og menningarminjar (samantekt, tafla á bls. 25). **Í samræmi við stofnmarkmið aðalskipulagsins í umhverfis- og verndunarmálum og samgöngumálum ætti að velja leið sem bætir samgöngur en hefur jafnframt sjónarmið umhverfisverndar að leiðarljósi...**” (innsk. okkar dekkning á lettri)

Svo er ósamræmi í legu vegstæðis, einkum vestan Reynisfjalls, milli sveitarfélagsuppráttar og mynda í umhverfisskýrslu, en slíkt ósamræmi er óásættanlegt ef meta skal nákvæmlega tjón af völdum nýrrar veglínu.

Fjárfestingar, trjárækt og verndun náttúru sem við afkomendur Hallsteins Hinrikssonar og fjölskyldur höfum ráðist í á undanförunum áratugum í Norðurgarði hafa miðað að uppbyggingu svæðisins í sátt við náttúru og hefðbundið atvinnulíf í Dyrhólahverfi í friðsælu umhverfi óspilltu af þeim umferðargný og þeirri mengun sem fylgja þjóðvegi 1. Þessum fjárfestingum er verulega ógnað með þeim áformum um nýtt vegstæði sem lýst er í aðalskipulagstillögunni.

Benda má Mýrdalshreppi á að ekki eru mörg ár síðan fyrrum sameigendur jarðarinnar Norðurgarðs, þ.e. Mýrdalshreppur og börn Hallsteins heitins Hinrikssonar voru ásátt um skiptingu hennar. Ekki síst var tekið tillit til óska hreppsins að fá yferráð yfir Dyrhólaey.

Voru þessi landskipti gerð í sátt við alla aðila. Nú örfáum árum síðar virðist þetta samkomulag/skipting milli aðila vera í uppnámi vegna fyrirhugaðrar nýrrar veglínu. Fólk vill ennþá trúa því að heiðursmenn fyrirfinnist.

Þessi veglína er að hluta inná náttúruminjaskrá eins og Umhverfisstofnun hefur ítrekað. Við viljum benda á að vegalagning samkvæmt tillögu að umræddu vegstæði er andstæð náttúruverndarlögum nr. 44/1999, þar sem Dyrhólaós og næsta nágrenni er náttúruverndarsvæði, sbr. 8. tölul. 4. gr. laganna. Þá njóta mýrar, flóar, sjávarfitjar og leirur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. sömu laga.

Rétt þykir að benda á að eignarrétturinn er varinn af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, sem heimilar því aðeins skerðingu þess réttar að almenningsþörf krefji, en við mat á því verði að gæta meðalhófs. Í dómi hæstaréttar nr. 425/2008 dags. 19. mars 2009 var vísað til þessa stjórnarskrárákvæðis þegar hafnað var lagningu vegar um einkaland. Til áréttingar skal vísað til álits og athugana Vegagerðar ríkisins sem benda til þess að með endurbótum á núverandi þjóðvegi 1 um Mýrdal megi ná þeim meginmarkmiðum að tryggja greiðar, hagkvæmar og öruggar samgöngur án umtalsverðs tjóns á umhverfi. Gera má ráð fyrir að veglína 3 sé rúmlega þrefalt dýrari en bæting á núverandi vegi. Hvað um hagkvæmni og arðsemi slíks gífurlegs munar. Er mikið um stórslys á veginum frá Vík og vesturundir Pétursey? Og hversu oft á ári er þessi sami vegur ófær?

Við álítum að brotið hafi verið á rétti okkar þar sem skipulagslög kveða skýrt á um að jafnan skuli haft fullt samráð við landeigendur vegna hvers konar fyrirhugaðra breytinga á notkun og meðferð lands, en í okkar tilviki hefur aldrei verið til okkar leitað um umrædda veglínu.

Við undirrituð krefjumst þess að ákvæði um breytta veglínu þjóðvegur 1 um Mýrdal verði felld úr aðalskipulagstillögunni. Að öðrum kosti áskiljum við okkur rétt til að grípa til allra tiltækra réttarfarslegra úrræða til að fá ákvæðum þessum hnekkkt eða krefjast skaðabóta ella.

Norðurgarði, 30. janúar 2010

Sylvia Hallsteinsd. 210245-4729

Helga Þurmann 170946-4649

Ólafur Hallsteinn 1806414409

Geir Hallsteinson 070846-2689

Ingibjörg E. Logadóttir 170250-3549